18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum skv. reglum er ráðherra setur.

19. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar skv. sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Þó skal 2. mgr. 13. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. febrúar 1986 og skulu gilda til þess tíma ákvæði 12. gr. þessara laga um framsal aflamarks skipa sem eigendaskipti verða á, eftir því sem við getur átt. Jafnframt eru á gildistíma laga þessara felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Sjávarútvegsráðuneytið skal fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

II

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

20. desember 1985 Nr. 98

LÖG

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

3. Þegar úrskurður er genginn skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu

(proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá, sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins. Getur hann einnig krafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skylt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattyfirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. laganna kemur ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómarar farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.